

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldið reiknast af lóðarstærð og/eða stærð byggingar með sama hætti og A-gjald skv. 2. grein.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús .....	lóð kr. 31,70 pr.m <sup>2</sup>	
2. Raðhús 1 hæð .....	lóð kr. 31,70 pr.m <sup>2</sup>	
3. Raðhús 2 hæðir og fjölbýlishús .....	lóð kr. 31,70 pr.m <sup>2</sup>	
4. Versl. og skrifst. húsnæði .....	lóð kr. 31,70 pr.m <sup>2</sup>	og hús 0,5% pr.m <sup>3</sup>
5. Iðnaðarhús .....	lóð kr. 15,85 pr.m <sup>2</sup>	og hús 0,5% pr.m <sup>3</sup>
6. Gróðurhús .....	lóð kr. 15,85 pr.m <sup>2</sup>	

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir heimilisþjónustu á vegum Selfossbæjar.

## 1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tíma-laun starfsfólks heimilisþjónustunnar.

1. taxti: 0%	kr. 0,00
2. taxti: 33%	kr. 21,00
3. taxti: 66%	kr. 42,00
4. taxti: 100%	kr. 65,00

## 2. gr.

Ákvörðun um taxta skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjandi og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlissólk. Félagsmálaráði er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Einstaklingar með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Einstaklingar með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Einstaklingar með tekjur umfram lið 3.

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Hjón og sambýlisfólk með tekjur umfram lið 3.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, launaf. skv. kjarasamningi, þrep 3 og einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kauptaxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Selfossbæjar, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar — heimilis aldraðra.**

1. gr.

Fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 10,00
2. taxti kr. 50,00

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem þessar upphæðir eru í þeim mánuði, sem heimaþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimaþjónustu greiða eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.